

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1227/2010

2014/EES/54/105

frá 20. desember 2010

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1055/2008 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 að því er varðar gæðaviðmiðanir og gæðaskýrslur varðandi hagskýrslur um greiðslujöfnuð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 184/2005 frá 12. janúar 2005 um hagskýrslur Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beina, erlenda fjárfestingu ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 184/2005 er settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins að því er varðar greiðslujöfnuð, þjónustuviðskipti við útlönd og beinar, erlendar fjárfestingar.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1055/2008 ⁽²⁾ var mælt fyrir um sameiginlegar gæðaviðmiðanir og tíðni gæðaskýrslna fyrir hagskýrslur um greiðslujöfnuð.
- 3) Aðlaga þarf sameiginlegu gæðaviðmiðunina og tíðni gæðaskýrslna fyrir hagskýrslur um greiðslujöfnuð, til að endurspeglar gæðaviðmiðunina sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 12. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 ⁽³⁾ um evrópskar hagskýrslur.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. desember 2010.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1055/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um greiðslujöfnuð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1055/2008 er breytt sem hér segir:

1. Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu láta gæðaskýrslur sínar í té eigi síðar en 31. maí ár hvert.“

2. Í stað viðaukans komi viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 21.12.2010, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 58/2011 frá 20. maí 2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 28.7.2011, bls. 20.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 283, 28.10.2008, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

*VIÐAUKI***1. Inngangur**

Í gæðaskýrslunni skulu vera bæði meginlegir og eigindlegir gæðavísar. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal leggja fram niðurstöður meginlegu vísanna fyrir hvert aðildarríki, reiknaðar á grundvelli gagna sem látin eru í té. Aðildarríki skulu túlka þær og gera við þær athugasemdir, í ljósi aðferða þeirra við gagnaöflun.

2. Tímamörk

- Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal láta aðildarríkjunum árlega í té, fyrir lok fyrsta ársfjórðungs, drög að gæðaskýrslum á grundvelli þeirra gagna sem send voru á næstliðnu ári, sem fyllt hafa verið út að hluta með flestum meginlegu vísunum og öðrum upplýsingum sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) hefur aðgang að.
- Aðildarríkin skulu árlega láta framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) frágengnar gæðaskýrslur í té, innan tveggja mánaða frá móttöku gæðaskýrslu sem fyllt hefur verið út að hluta og eigi síðar en 31. maí.

3. Gæðaviðmiðanir

Gæðaskýrslan skal innihalda meginlega og eigindlega gæðavísa sem ná til allra skilgreindra gæðaviðmiðana í 1. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 223/2009.
